

**127. fundur Skipulags- og umhverfiráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
30. september 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolffson varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1905074 - Kaldur pottur á Jaðarsbakka

Tillaga fyrir kaldan pott við Jaðarsbakkalaug.

Skipulags- og umhverfiráð vísar málinu til fjárhagsáætlunar 2020.

2. 1909275 - Sæti í stúku

Skipulags- og umhverfiráð vísar málinu til fjárhagsáætlunar 2020.

3. 1906102 - Deiliskipulag Skógarhverfi 1. áfangi - Asparskógar 18

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að nýtingarhlutfall (A- og B- rýma) á lóðinni verði 1,33 í stað 1,20 skv. deiliskipulagi. Aukið nýtingarhlutfall skýrist af stækkun kjallara og gerð svalaganga (B-rýma umfram það sem gert var ráð fyrir í deiliskipulagi). Byggingin er innan byggingarreits og ákvæða um hámarkshæð. Fjöldi íbúða og bílastæða er í samræmi við deiliskipulag. Breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en Akraneskaupstaðar og umsækjanda og telst því óverulegt frávik frá deiliskipulagi. Deiliskipulagsbreytingin er samþykkt skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 1905206 - Hleðslustöðvar á Akranesi - samstarf

Skipulags- og umhverfiráð samþykkir fyrirliggjandi reglur um styrki til hleðslustöðva fyrir rafbíla við fjöleignarhús og vísar þeim til bæjarráðs til endanlegar samþykktar.

5. 1909196 - Breið - sjóvörn

Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna sjóvarna við Breiðina.

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi vegna endurbýggingar á sjóvörn við Breið. Heildarlengd 180m, grjólmagn 2.000 m³ úr námu, upptekt og endurröðun 650 m³.

Skipulags- og umhverfiráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði veitt vegna framkvæmdarinnar.

6. 1903241 - Akraneshöfn, endurbætur á aðalhafnargarði - Umsókn um framkvæmdaleyfi

Akraneshöfn aðalhafnargarður, framlenging á hafnarbakka, dýpkun hafnar, framlenging á brimvarnargarði og öldudeyting.

Faxaflóahafnir sækja um framkvæmdaleyfi vegna eftirfarandi:

Nýr hafnarbakki (framlenging) með um 220 metra viðlegu (90 metra lenging á núverandi bakka) með um 11 metra dýpi.

Dýpkun á snúningssvæði innan hafnar. Snúningssvæði með um 120 metra þvermáli og dýpi 10 metra.

Dýpkun á snúningssvæði utan hafnarmynnis. Snúningssvæði um 180 metra þvermáli og dýpi 11 metra.

Brimvarnargarður lengdur um 60 metra.

Öldudeyfing milli aðalhafnargarðs og bátabryggju.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði veitt, ákvæði deiliskipulags Akraneshafnar varðandi lengingu brimvarnargarðs skulu höfð til hliðsjónar við framkvæmdina.

7. 1903049 - Vesturgata 133 - Fyrirspurn til byggingarfulltrúa

Óskað er eftir leyfi til að gera nýja innkeyslu á lóð til viðbótar við þá sem fyrir er.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að ganga frá málinu. Bent er á að allur kostnaður sem fellur til vegna breytingarinnar, fellur á umsækjanda.

8. 1909037 - Suðurgata 107 - umsókn um byggingarleyfi

Sótt er um leyfi fyrir stækkun (viðbygging) á 2. hæð fjölbýlishússins við Suðurgötu 107, Akranesi. Stækkunin felst í því að byggja sólstofu yfir hluta af svölum 2. hæðar. Heimilt nýtingarhlutfall skv. deiliskipulagi er 0,5.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir fasteignaeigendum að Suðurgötu 103, Sunnubraut 14, 16 og 18.

9. 1807120 - Kirkjubraut 53 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Beiðni um endurnýjun lóðarleigusamnings.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi lóðarleigusamning.

10. 1909276 - Fjárhagsáætlun - viðauki

Viðauki við fjárhagsáætlun september 2019.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi viðauka á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020 og vísar honum til bæjarráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:30.

Ragnar Samundsson
Olaf Adalsteinsson

Kristinn H. Sveinsson

Sam Ragnar

Stef Þorsteinsson

Sig. Þ. H.

Rafelís Sigurpósson rit.